



## Alþýðusamband Íslands

Ágætu gestir.

Þann 25. Október 1985 var eftirfarandi samþykkt gerð á fundi trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar í Reykjavík:

*„Trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Dagsbrúnar samþykkir að boða innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurböfn. Sama gildir um íslenskar útflutningsvörur til Suður-Afríku. Bann þetta tekur gildi frá og með 14. nóv. nk.“*

Guðmundur J. Guðmundsson útskýrði þessa ákvörðun þannig að Dagsbrún teldi sér fullkomlega heimilt að grípa til aðgerða til stuðnings stéttarbræðrum í Suður-Afríku. Aðgerðinni væri beint gegn suður-afrískum stjórnvöldum og væri þáttur í fjölpjóðlegu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar sem miði að því að bæta kjör svartra íbúa Suður-Afríku. Barátta fyrir bættum

kjörum verði ekki greind frá baráttu launafólks fyrir mannréttindum.

Það var ekki mikinn skilning að finna í röðum atvinnurekenda fyrir þessum rökum og Dagsbrún var stefnt fyrir Félagsdóm vegna ólögmeðtra verkfallsaðgerða og aðgerðin síðan dæmd sem ólögmeðtt samúðarverkfall þar sem Dagsbrún tókst ekki að sína fram á hvaða tilteknu verkfallsaðgerð í Suður-Afríku, henni væri ætlað að styðja.

Það mætti eyða löngu máli í þennan dóm félagsdóms en Alþýðusamband Íslands lítur svo á að hann sé mikill tímamótadómur því þar sé staðfestur réttur íslenskrar verkalýðshreyfingar til boða til samúðarverkfalla til stuðnings lögmætum verkföllum í útlöndum og það vopn er okkur mikilvægt í þeirri alþjóðlegu baráttu sem samtök launafólks um allan heim á í.

En góðir gestir, þegar Dagsbrún tók þessa merkilegu ákvörðun var Nelson Mandela í fangelsi vegna baráttu sinnar fyrir mannréttindum svartra íbúa Suður-Afríku. Þá baráttu studdi alþjóðleg verkalýðshreyfing og einnig þá alþjóðlegu baráttu sem að lokum leiddi til þess að Nelson Mandela var leystur úr

haldi 1990, eftir 27 ára fangelsisvist, og í framhaldi af því að afnema hina óréttlátu aðskilnaðarstefnu.

Samþykkt trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar í nóvember 1985 er þannig lýsandi dæmi um alla þá litlu dropa sem holuðu þann stein sem að lokum var velt frá fangelsis dyrunum á Robbin eyju. Það var mikill sigur eftir langa baráttu.

Uppúr henni stendur samhengið sem Guðmundur Jaki og Dagsbrún setti fram og sem er kjarni málsins. Hann er sá að almenn mannréttindi launafólks, frelsi þess og jafn réttur óháð litarhætti, trú, kyni, kynhneigð eða stöðu verða ekki aðskilin frá kröfu launafólks um mannsæmandi kaup og kjör.

Andlát Nelson Mandela markar ákveðin tímamót í baráttunni en henni er enganveginn ekki lokið. Enn er það svo, að auði og auðlindum jarðar og arðinum af vinnu launafólks er ekki réttlátlega skipt, hvorki hér á Íslandi né víðast annarsstaðar í veröldinni og enn höfum við því skyldum að gegna.

Skyldum gagnvart okkar eigin fólki en einnig og ekki síður gagnvart bræðrum okkar og systur um allan heim. Þeim skyldum eigum við að gegna í smáu og stóru.

Þess vegna styður ASÍ verkefni og starf þróunarsamvinnustofnunar og fordæmir þann málflutning sem því miður ómar í söllum Alþingis nú á jólaföstudni um það góða starf sem þar er unnið.

Þess vegna veitir íslensk verkalyðshreyfing erlendu launafólki á Íslandi stuðning sinn og berst fyrir því að ein og sömu réttindi gildi fyrir allt vinnandi fólk.

Þess vegna áskilur íslensk verkalyðshreyfing sér líka rétt til þess að beita afli sínu þegar á þarf að halda til stuðnings mannréttindum hvar í heimi sem er, trú þeirri yfirlýsingu felst í stjórnarskrá Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar að fátækt á einum stað í veröldinni ógni friði um allan heim og því að enginn friður muni nokkurn tíma ríkja án félagslegs réttlætis.

Í þessum anda heiðrar Alþýðusamband Íslands minningu Nelson Mandela við andlát hans. Baráttu sem hvorki hófst né lauk við fæðingu og dauða hans en er þvert á móti stöðugt verkefni og stöðug skylda verkalyðshreyfingarinnar um allan heim.

Blessuð sé minning hans og alls þess launafólks og forystumanna þess sem studdi baráttu hans fyrir mannréttindum fyrir alla hvar í veröldinni sem er.

Takk fyrir.